

**Fundargerð 5. fundar
Íþrótt- og tómstundaráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
7. mars 2019 , kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Fríða Stefánsdóttir, Vitor Hugo Rodrigues Eugenio, Jón Ragnar Ástþórsson, Davíð S. Árnason, Ægir Þór Lárusson, Erla Jóhannsdóttir og Rut Sigurðardóttir.

Fundargerð ritaði: Rut Sigurðardóttir, starfsmaður.

1. Samstarfssamningar við félagasamtök - 1901039

Fyrir fundinum liggja drög að samstarfssamningum við Knattspyrnudeilagið Víðir, Knattspyrnudeild Reynis, Körfuknattleiksdeild Ksf. Reynis, Golfklúbb Sandgerðis og Íþróttafélagið Nes.

Afgreiðsla: ÍT lýst vel á drög að samstarfssamningunum og styður óskir Golfklúbbsins um auknið starfsgildi. ÍT vill einnig að skoðað sé eignarhald og viðhald á húsnæði Aðalstjórnar Reynis og hvort það eigi heima í samning við Knattspyrnudeild Reynis.

2. Íþróttamiðstöðvar: tillaga að breytingu á opnunartíma. - 1901050

Fyrir fundinum liggur tillaga að breytingu á sumaropnunartíma íþróttamiðstöðva Garðs og Sandgerðis. Málinu vísað til umsaganar í Íþrótt- og tómstundaráði frá 17 fundi bæjarráðs.

Afgreiðsla: ÍT leggjum til við bæjarstjórn að opnunartími Íþróttamiðstöðva sveitarfélagsins verði samræmdur milli byggðakjarna og sé sem mestur til að veita góða þjónustu til íbúa. ÍT leggur til að opnunartími verði eins og hann er nú auglýstur í Íþróttamiðstöð Garðs.

3. Styrkir almennt - 2019 - 1901049

Fyrir fundinum liggur styrkumsókn frá Takwondo deild Keflavíkur og málinu vísað til umsagnar frá 17 fundi bæjarráðs.

Afgreiðsla: ÍT styður það að Taekwondo deild Keflavíkur fái sambærilegan styrk og áður. Með samstarfinu skuldbindi Taekwondo deild keflavíkur til að kynna starfsemi sína fyrir íbúum Suðurnesjabæjar.

4. Niðurstöður könnunar um vinnuskóla fyrir ungmenni - 1903002

Fyrir fundinum liggja Niðurstöður könnunar meðal sveitarfélaga vegna Vinnuskóla.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

5. Íþróttamannvirki í Suðurnesjabæ - 1901070

Farið var yfir stöðu um skipan og hlutverk vinnuhóps um knattspyrnuvöll eða fjölnotahús með gervigrasi í Suðurnesjabæ.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

6. Golfklúbbur Sandgerðis ársreikningur 2018 - 1902059

5. fundur Íþróttá- og tómstundaráðs
07.03.2019

Fyrir fundinum liggja ársreikningur Golfklúbbs Sandgerðis fyrir árið 2018.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

7. Knattspyrnufélagið Reynir, ársreikningur 2018 - 1901054

Fyrir fundinum liggja ársreikningur Knattspyrnufélagið Reynir fyrir árið 2018.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 17:30.

Fríða Stefánsdóttir

Vitor Hugo Rodrigues Eugenio

Jón Ragnar Ástþórsson

Davíð S. Árnason

Ægir Þór Lárusson

Erla Jóhannsdóttir
